

Hvalfjarðarsveit
Innrimel 3
301 Akranesi

HVALFJARÐAR
SVEIT



Ljósleiðari í Hvalfjarðarsveit.

31. maí 2013

1211014 SMS

Ljósleiðari í Hvalfjarðarsveit. samþykktir og gjaldskrá

Á fundi sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar sem haldinn var 28. maí 2013, var tekið fyrir mál, Ljósleiðari í Hvalfjarðarsveit.

Eftirfarandi bókun var gerð:

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkir, á grundvelli fyrri samþykktar sveitarstjórnar frá 23. apríl um ljósleiðaravæðingu að miða skuli tengingar íbúðarhúsa við fasta búsetu og lögheimili íbúa þann 23. apríl 2013.

Samþykkt var að þeir íbúar sem óska eftir tengingu íbúðarhúsa með fasta búsetu og lögheimili eftir 23. apríl og óska eftir tengingu við ljósleiðara greiði raunkostnað við framkvæmd tenginga auk mánaðargjalds.

Kostnaður við jarðvinnu og tengingar sumarhúss greiðist af sumarhúseigenda sjálfum. Heimtaug skal lögð skv. fyrirmælum sveitarfélagsins frá sumarhúsi að tengipunkti við stofnæð. Ljósleiðarheimtaugin verður frágengin að fullu inn fyrir húsvegg á kostnað sumarhúsaeygenda. Lagnir eru í eigu sveitarfélagsins.

Að auki greiðist mánaðargjald kr 2.375 á mánuði án/ vsk. eða 2.980 m/ vsk..

Kostnaður við jarðvinnu og tengingar greiðist af fyrirtækjum. Heimtaug skal lögð skv. fyrirmælum sveitarfélagsins frá fyrirtæki að tengipunkti við stofnæð. Ljósleiðarheimtaugin verður frágengin að fullu inn fyrir húsvegg á kostnað fyrirtækja.

Að auki greiðist mánaðargjald kr 2.375 á mánuði án/ vsk eða 2.980 m/ vsk

Íbúahús/íbúðir; mánaðargjald verði kr 2.375 á mánuði án/ vsk eða 2.980 m/ vsk. Miðað skal við að gjaldskráin gildi fyrir íbúðarhús/íbúð (skv skipulagi) í Hvalfjarðarsveit og skuldbinding í 2 ár.

Sumarhús; mánaðargjald verði kr 2.375 á mánuði án/ vsk eða 2.980 m/ vsk.

Fyrirtæki; Kostnaður við jarðvinnu og tengingar greiðist af fyrirtækjunum sjálfum auk mánaðargjalds.

Í öllum tilfellum er miðað við að fyrir liggi fyrir samkomulag við viðkomandi landeiganda og að fullt samráð verði haft við hann varðandi lagnaleiðir. Gera skal ráð fyrir að fjarskiptafélag fái að leggja ljósleiðaralagnir um land viðkomandi landeiganda.

Laufey Jóhannsdóttir (sign)
sveitarstjóri

laufey@hvalfjardarsveit.is